

59. gr.

Telji skólastjóri að kennari hafi gerst brotlegur í starfi getur hann vísað málinu til skólanefndar sem beinir því sem skjótast til fræðslustjóra ásamt nauðsynlegum upplýsingum.

Sama gildir telji kennari að skólastjóri hafi gerst brotlegur í starfi.

Nú telur fræðslustjóri að aðgerðir í málinu þoli enga bið og getur hann þá gert tafarlaugar ráðstafanir til úrbóta um stundarsakir. Jafnframt gefur hann þegar í stað skýrslu til menntamálaráðuneytisins sem tekur ákvörðun í málinu.

Telji foreldrar eða forráðamenn barna að skólastjóri eða kennari hafi gerst brotlegur við grunnskólalög eða reglugerðir samkvæmt þeim fer um málið eins og segir í 1. mgr.

60. gr.

Verði ágreiningur út af erindisbréfi þessu sker menntamálaráðuneytið úr.

XII. KAFLI**Gildistaka.****61. gr.**

Erindisbréf þetta, sem sett er samkvæmt lögum nr. 63/1974 um grunnskóla, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem fræðslustjóri er ekki enn starfandi samkvæmt grunnskólalögum nr. 63/1974, fer menntamálaráðuneytið með þau störf sem honum eru ætluð í erindisbréfi þessu.

Menntamálaráðuneytið, 30. apríl 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

6. maí 1976.

Nr. 186.

REGLUGERÐ**um meinatækna.****1. gr.**

Rétt til þess að starfa sem meinatæknir hér á landi og kalla sig meinatækni hefur sá einn, sem til þess hefur fengið löggildingu heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Löggildingu samkvæmt 1. grein skal veita íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa prófi frá Meinatæknaskóla Íslands eða öðru prófi, sem heilbrigðisyfirvöld viðurkenna.

3. gr.

Takmörkuð og/eða tímabundin starfsréttindi má einnig veita þeim, sem eru í starf þegar reglugerð þessi öðlast gildi, en uppfylla ekki skilyrði 2. gr. um viðurkennd próf. Skilyrði fyrir almennu atvinnuleyfi hér á landi skulu ávallt vera uppfyllt.

Slíkt leyfi má því aðeins veita að fyrir liggja meðmæli þeirrar stofnunar, sem umsækjandi vinnur hjá. Jafnframt skal leita umsagnar stéttarfélags íslenskra meina-tækna.

4. gr.

Meinataekni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt viðkomandi láti af starfi.

5. gr.

Meinataeknar skulu aðeins starfa undir handleiðslu og á ábyrgð sérfræðings á viðkomandi sviði.

6. gr.

Óheimilt er að ráða til meinataeknisstarfa aðra en þá, sem heilbrigðismálaráð-herra hefur veitt starfsréttindi hér á landi.

7. gr.

Um meinataekna gilda að öðru leyti og eftir því, sem við getur átt, reglur lækna-laga nr. 80 23. júní 1969.

Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi, um sviptingu starfs-réttinda og endurveitingu.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 64 1971, um tækni-menntaðar heilbrigðisstéttir, öðlast gildi nú þegar. Jafnframt fellur úr gildi reglu-gerð nr. 180/1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. maí 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Eskifjarðarkaupstaðar,
nr. 149 20. mars 1975.**

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 9.60 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 4.80 á brúttórúmllest.
- c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 9.60 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d. Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 640.00 á brúttórúmllest þó aldrei minna en kr. 3 200.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.